

Rubbol BL Rezisto Primer

Háþekjandi viðloðunargrunnur

Efnislýsing

Rubbol BL Rezisto Primer er háþekjandi, vatnsþynnanlegur grunnur, ætlaður til notkunar innanhúss. Hann er sérstaklega hugsaður sem grunnur undir rispu- og fituþolið innilakk, s.s. Rubbol BL Rezisto. Einn aðalkostur grunnins er að hann má lita, t.d. í sama lit og lakkið. Þannig má jafnvel spara sér umferð af lakki undir vissum kringumstæðum. Rubbol BL Rezisto Primer er auðveldur í notkun, hylur og fyllir vel, einangrar nikótín- og vatnsbletti og þolir húðfitu sérlega vel. Grunnurinn er lyktarlítill, þornar og harðnar hratt og slípast vel. Hann sápast ekki, hleypir raka frá undirlagi í gegnum sig og hefur langan opinn tíma.

Rubbol BL Rezisto Primer grunnurinn er ætlaður sem fyrsta lag á við, steypu, gífs og PVC (nema pólýolefín plastefni, t.d. PE og PP). Hann er einnig hentugur á fleti sem hafa áður verið málaðir með alkýðmálningu; þá er mikilvægt að hreinsa og slípa fletina fyrir málungu.

Meðhöndlun

Nýr og ber viður

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
2. Grunnið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Primer.
3. Málið 1-2 umferðir af vatnsþynnanlegu lakki, t.d. Rubbol BL Rezisto Semi-gloss eða Superfinish 5 eða 40.

Endurmálun

1. Hreinsið og slípið flötinn.
2. Grunnið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Primer á bera fleti.
3. Málið 1-2 umferðir af vatnsþynnanlegu lakki, t.d. Rubbol BL Rezisto Semi-gloss eða Superfinish 5 eða 40.

ATH. Vatnsþynnanleg efni eru viðkvæm fyrir mýkingarefnum í plastefnum (plasticizers) eins og PVC einangrunarefnum/kítí. Málningarfilman getur orðið mjúk og klístruð. Betra er að nota EPDM gúmmi til einangrunar á gluggarömmum.

Svo komið sé í veg fyrir blæðingu í vissum viðartegundum (t.d. merbau, dökkrauðri meranti, eik, afzelia) og gulnun kvista í furu skal grunna að auki með af Rubbol BL Rezisto Primer eða Rubbol BL Isoprimer.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósin vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- eða hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akryl/alkýð

Gljástig: Satingljái

Hiti við málungu: Milli 8 og 30°C

Rakastig: Mest 85%

Þurrefni: Hvítt: 62% af vigt og um 47% af rúmmáli

Þéttleiki: Um 1,45 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurr: 47 míkron. Blautt: 100 míkron

Opinn vinnslutími: 4-5 mín

Rykfrítt: um 30 mín

Snertipurr: um 1 klst

Yfirmálun: Um 6 klst

Endurmálun: Vel endurmálanlegt á sjálft sig, önnur vatnsþynnanleg lökk og alkýðmálningu

Þynning: Ekki þynna

Verkfæri: Penslar (helst þykkir Friess lakk-penslar), rúllur (helst Friess gráar lakkrúllur)

Hreinsun verkfæra: Vatn

Þekja: Um 10-12 m²/l (fer eftir aðferð og undirlagi)

Litur: Hvítur og allir stofnar

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra dósir

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) 150 g/l (2007), 130 g/l (2010). Inniheldur mest 99 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**